



273. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 22. september 2011 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Lárus Á. Hannesson, LÁH
Berglind Axelsdóttir, BA
Davíð Sveinsson, DS
Egill Egilsson, EE
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS
Guðlaug J. Ágústdóttir, GJÁ
Hjörleifur K. Hjörleifsson, varamaður, HKH
Guðmundur Andrésón, fundarritari

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Á. Hannesson setti fund og stýrði.

Forseti bæjarstjórnar lagði til að tvö mál væru tekin á dagskrá með afbrigðum. Sem 3. lið á dagskrá fundarins Svæðisgarður Snæfellsness og 4. lið umsókn um lóð að Hamraendum 4-6. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá.

1. Fundargerð bæjarráðs nr. 477, dags. 15.09.2011.

Liður 1 kosning formanns og varaformanns bæjarráðs Stykkishólmsbæjar. Berglind Axelsdóttir kosinn formaður bæjarráðs Stykkishólmsbæjar og Davíð Sveinsson kosinn varaformaður bæjarráðs Stykkishólmsbæjar. Samþykkt samhljóða. **Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

Liður 3 fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar, dags. 31.08.2011 (44. fundur). Fundargerð framlögð.

Bæjarráð felur Íþróttta og tómstundafulltrúa að leita til skólustjóra Tónlistarskólans um aðgengi að hljómsveitaraðstöðu í húsnæði skólans. Til máls tóku ÍHS, DS, LÁH, HKH. Afgreiðsla bæjarráða samþykkt.

Bæjarráð felur umsjónarmanni íþróttamannvirkja að ganga frá pöntun forvarnaskiltis á íþróttahús. Til máls tóku, DS, HKH, ÍHS, EE, LÁH. Afgreiðsla bæjarráða samþykkt.

Bæjarstjóra falið að koma með ábendinu um nýtingu íþróttahúss til skólanefndar. Til máls tóku HKH, LÁH, DS. Afgreiðsla Bæjarráðs samþykkt.



Fundargerðin samþykkt.

Liður 4 fundargerð Húsnæðisnefndar, dags. 01.09.2011 (57. fundargerð).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 og 2 Íbúð á 1. hæð til vinstri að Skúlagötu 9 (blokkinn) er laus til úthlutunar. Fyrir liggur listi um umsækjendur og er Ósk Hjartardóttir efst á þeim lista. Nefndin hefur ákveðið að úthluta henni íbúðinni.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

Liður 19 tilboð í uppfærslu Ljósmyndasafns Stykkishólms.

Tilboð lagt fram og samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 20 ritverkið Ísland 2010 - atvinnuhættir og menning.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar hjá bæjarstjórn.

Til máls tóku, BA, ÍHS, DS, LÁH, GÁ.

Bæjarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu ritverkið Ísland 2010 – atvinnuhættir og menning með birtingu efnis á vef eingöngu. Að auki verði Sagaz ehf falið að sjá um greinarkrif. Samþykkt samhljóða.

Liður 21 tölvupóstur Heiðu Karenar Sæbergsdóttur, dags. 06.09.2011

varðandi niðurgreiðslu strætókorta fyrir námsmenn í Reykjavík.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við erindinu. Bæjarstjóra falið að svara bréfaritara. **Til máls tók ÍHS. Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

Liður 22 tölvupóstur SSV, dags. 06.09.2011 varðandi almenningsamgöngur.

Bæjarstjórn Stykkishólmbæjar samþykkir að fela stjórn SSV að vinna áfram að samningi um almenningsamöngur. Bæjarstjórn ítrekar mikilvægi þess að ekki felist aukin fjárhagsleg skuldbinding sveitafélaganna við samningsgerðina.

Til máls tóku ÍHS, DS, LÁH, BA. Afgreiðsla Bæjarráðs samþykkt.

Liður 23 bréf Jafnréttisstofu, dags. 15.08.2011 varðandi beiðni um

afhendingu jafnréttisáætlunar, ásamt framkvæmdaáætlun.

Erindi vísað til jafnréttisnefndar.

Afgreiðsla Bæjarráðs samþykkt.

Liður 24 bréf Jóhannesar Kristjánssonar, ódagsett, varðandi tillögu hans um opnun veðursafns í Stykkishólmi.

Bæjarráð þakkar bréfaritara erindið og áhugann. Hugmyndin hefur áður verið viðruð bæði af hálfu Veðurstofu Íslands og Stykkishólmsbæjar. Bæjarráð mun



kanna áhuga Veðurstofu Íslands til frekara samstarfs.
Afgreiðsla Bæjarráðs samþykkt.

Liður 25 bréf Símans, dags. 05.09.2011 varðandi aðstöðu fyrir farsímabúnað á Skólastíg 11.

Framlagt. Bæjarstjóra falið að ganga frá samningi við Símann.
Afgreiðsla Bæjarráðs samþykkt.

Liður 26 tölvupóstur Ferðamálasamtaka Snæfellsness, dags. 08.09.2011 varðandi Markaðs og kynningarfulltrúa á Snæfellsnesi.

Erindi vísað til samstarfsfunda bæjarstjóra á Snæfellsnesi.
Til máls tóku LÁH, GÁ, BA, DS. Afgreiðsla Bæjarráðs samþykkt.

Liður 27 tölvupóstur frá KKD. Umf. Snæfells, dags. 05.09.2011 varðandi styrkbeiðni vegna fæðis leikmanna.

Bæjarráð samþykkir að styrkja Snæfell um fæði fyrir fjóra leikmenn meistaraflokka Snæfells í körfu. Davíð situr hjá vegna tengsla.

Til máls tóku BA, LÁH, ÍHS.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með fjórum atkvæðum. Davíð, Egill og Hjörleifur sátu hjá vegna tengsla.

Liður 28 tölvupóstur nefndar um málefni fatlaðra, dags. 9.9.2011 varðandi húsnæðismál fyrir starfsstöð og búsetumál fatlaðra.

Bæjarráð þakkar nefnd um málefni fatlaðra fyrir erindið. Bæjarráð telur tillögur nefndarinnar mjög góðar. Bæjarstjóra falið að ræða við Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga varðandi starfsstöð og búsetumál.

Til máls tóku, LÁH, ÍHS, BA. Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 29 bréf stjórnar NFSN, dags. 23.08.2011 varðandi ósk um stuðning við störf NFSN.

Bæjarráð sér ekki fært að verða við erindi bréfitara. Berglind situr hjá vegna tengsla. **Til máls tóku BA, LÁH, DS, ÍHS.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt og bæjarstjóra falið að taka málið upp á samstarfsfundi bæjarstjóra á Snæfellsnesi. Berglind sat hjá.

Liður 30 fundarboð á aðalfund SSV, haldinn dagana 30.09.11 - 01.10.11.

Framlagt. Á aðalfund SSV mætir bæjarráð, ásamt bæjarstjóra.

Liður 31 tölvupóstur Tónlistarskólans á Akureyri dags. 07.09.2011 varðandi greiðsluþátttöku í tónlistarnámi nemanda við skólann.

Bæjarstjóra falið að skoða málið nánar. Afgreiðslu frestað fram á næsta bæjarstjórnarfund.

Til máls tóku, LÁH, GÁ, EE, DS, ÍHS.

Samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Liður 32 tölvupóstur Leikfélagsins Grímnis, dags. 09.09.2011 varðandi starfsemi leikfélagsins.



Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og bæjarstjóra falið að vinna áfram að málinu.
Til máls tóku ÍHS, LÁH, DS, GÁ.
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með sex athvæðum, Guðlaug sat hjá vegna tengsla.

Liður 33 gönguleiðir, stígar og leikvellir í Stykkishólmi.

Tillaga um skipun í vinnuhóp um framtíðarskipulag gönguleiða, stíga og leikvalla í landi Stykkishólms

Við undirrituð leggjum til að skipaður verði vinnuhópur til þess að vinna að framtíðarskipulagi gönguleiða, stíga og leikvalla. Í vinnuhópnum verði þrír fulltrúar og þrír til vara.

Greinargerð:

Síðustu ár hefur sterklega komið fram sú ósk frá íbúum og þar á meðal á íbúafingi að farið verði í gerð hvers kyns stíga. Mikil heilsuefling hefur orðið í bæjarfélaginu. Æ fleiri stunda einhvers konar heilsurækt sem er vel. Stígar munu auka fjölbreytni í hreyfingu. Það mun án efa skila sér síðar meir í betri heilsu hjá bæjarbúum auk þess sem það mun styðja við heilsutengda ferðaþjónustu. Einnig eru í Stykkishólmsbæ nokkrir leikvellir sem eru í misgóðu ástandi. Þörf er að gera bragarbót þar á.

Berglind Axelsdóttir
Davíð Sveinsson
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

Til máls tóku BA, ÍHS, LÁH.

Tillaga bæjarráðs samþykkt og samþykkt að tilnefna fulltrúa í vinnuhópinn á næsta bæjarráðafundi.

Liður 34 Egilshús, starfsemi á vegum bæjarfélagsins.

Háskólasetur Snæfellsness verður fundinn staður í bæjarstjórnarsal á 3ju hæð í Ráðhúsinu. Íprótta – og tómstundarfulltrúi verður með aðstöðu á 1. hæð í Ráðhúsinu. Samþykkt að leigja Háskólasetri Snæfellsness núverandi sal bæjarstjórnar. Bæjarstjóra falið að ganga frá leigusamningi við Háskólasetrið. Samþykkt að fundir bæjarstjórnar verði haldnir í fundarsal á 3ju hæð og fundir bæjarráðs verði haldnir á skrifstofu bæjarstjóra.

Til máls tók ÍHS, LÁH, HKH, BA.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 35 tölvupóstur SSV, dags. 07.09.2011 varðandi verkefnatillögur SSV vegna sóknaráætlunar landshlutans.

Framlagt. Bæjarráð Stykkishólmsbæjar gagnrýnir vinnubrögð og þann frest sem gefinn var til að bregðast við erindinu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Annað

Liður 36 Ársreikningur 2010, Dvalarheimili, þjónustuíbúðir.

Ársreikningur lagður fram og samþykktur.



Liður 37 tækjakaup Íþróttamiðstöðvar.

Samþykkt að ganga að tilboði Á. Óskarssonar að upphæð kr. 1.737.253 vegna nýrrar skorklukku í Íþróttamiðstöð.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð nefndar um málefni fatlaðra, dags. 29.08.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.2. Fundargerð æskulýðs-og íþróttanefndar, dags. 31.08.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

2.3. Fundargerð húsnæðisnefndar, dags. 01.09.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

2.4. Fundargerð stjórnar Dvalarheimils aldraðra, dags. 06.09.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tók BA, ÍHS, LÁH, GÁ, DS.

2.5. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 08.09.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.6. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 12.09.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.7. Fundargerð skipulags-og byggingarnefndar, dags. 19.09.2011.

Fundargerð framlögð.

Liður 1Skólastígur 11, loftnet .

Ivon Stefán Cilia sækir um f.h. Símans hf, kt. 500269 6779, að staðsetja 3,5 m

hátt loftnet á þak tónlistarskólans við Skólastíg nr. 11, sbr. teikningar frá T. ark, dags. 8.08.2.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 2 Ásklif 10, sólstofa.

Baldur Þorleifsson Ásklifi 10 óskar eftir að byggja sólstofu við húsið sbr. teikningar frá Brynjari Daníelssyni/Hjörleifi Sigurþórssyni dags. 20.08.2011.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 3 Vallarflöt 5, klæða hús að utan.

Halldóra Baldursdóttir sækir um að klæða húsið að Vallarflöt 5 að utan með Canoxel klæðningu sbr. bréf dags. 07.09. 2011.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 4 Nesvegur 13, fjölgun á matshlutum.



Gissur Tryggvason sækir um að skipta matshluta 0105 niður í tvær eignir sbr. teikningu frá Ágústi Þórðarsyni dags. 14.09.2011.
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

Katrín vék af fundi við lið nr. 5.
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 5 Aðalgata 24, milliloft.
Sigurjón Jónsson sækir um f.h. Skipavíkur ehf. að byggja 30 m² milliloft, sbr. teikningar frá Skipavík ehf/ Sigurjóni Jónssyni dags. 18.09.2011.
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 6 Skúlagata 7, viðbygging.
Gunnar Ægir Gunnarsson sækir um að reisa forstofubyggingu við húsið að Skúlagötu 7, samkvæmt teikningum frá Brynjari Daníelssyni/Hjörleifi Sigurþórssyni dags. 09.2011. Samþykki meðeigenda liggur fyrir.
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 8 Nesvegur 24, niðurrif á olíutönkum.
Olíudreifing ehf, kt. 660695 2069 sækir um leyfi til að rífa niður og fjarlægja olíugeyma og lagnir af lóðinni við Nesveg nr. 24, sbr. bréf dags. 29.08.2011. Nefndin beinir þeim tilmælum til bæjaryfirvalda að skora á Olíudreifingu að endurskoða afstöðu sína og koma starfseminni í gang aftur. Gangi það ekki eftir, fellst nefndin á niðurrif tankanna. Standa þarf vörð um hvert starf í Stykkishólmi.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 9 Súgandiseyjargata/Hafnargata ,stofnvegur.
Lögð fram umsögn frá Vegagerðinni/Ásbirni Ólafssyni og Guðmundi F. Guðmundssyni vegna breytinga á yfirborðsmerkingum á horni Súgandiseyjargötu og Hafnargötu, sbr. tölvupóstur dags. 15.09.2011. Nefndin leggur til að fjarlægja 4 línur í beygjunni og hafa biðskyldumerkin óbreytt.
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Fundargerðin samþykkt.

3. Svæðisgarður Snæfellsness

„Einstök náttúra og sterk ímynd Snæfellsness er auðlind. Sú auðlind verður best nýtt og varðveitt með samstarfi Snæfellinga. Með þetta að leiðarljósi samþykkir bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar að taka þátt í stofnun svæðisgarðs á Snæfellsnesi. Ákvörðunin er



tekin með hliðsjón af verkefnistillögu sem undirbúningshópur skipaður fulltrúum sveitarfélaganna á Snæfellsnesi og aðila í atvinnulífinu hefur unnið að.

Bæjarstjórn samþykkir jafnframt að taka þátt í að afla fjármagns til verkefnisins og að hefja gerð svæðisskipulags um svæðisgarð með skipun svæðisskipulagsnefndar, sbr. 9. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Bæjarstjórn felur bæjarráði að skipa fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd.

Bæjarstjórn telur að stofnun svæðisgarðs muni marka þáttaskil í samstarfi og sókn Snæfellinga til framtíðar.“

Samþykkt samhljóða.

4. Umsókn um lóð á Hamraendum 4-6 frá Green in Blue ehf. kt.501109-1260.

Samþykkt að úthluta Green in Blue ehf. kt.501109-1260 umræddu svæði.

Allir tóku til máls.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:00

Guðmundur Andrésón